

Flokkar í sandspyrnu

Fólksbílar. (F)

1. Fjöldaframleidd fólksbífreið með drif á einum ás.
2. Ótakmarkaðar breytingar á vél
3. Allir boddýhlutir skulu vera á ökutæki, upprunalegur eldveggur á upprunalegum stað.
4. Innrétting skal vera til staðar nema í bílum með veltibúr eða boga.
5. Óheimilt er að breyta hjólskálum. (többa)
6. Hæðarmunur fremst og aftast á sílsa má ekki vera meiri en 10cm.
7. Hjólbarðar skulu ekki standa út fyrir óbreytta brettabrún.
8. Hámarks dekkjastærð 33". Skófludekk bönnuð.

Útbúnir Fólksbílar. (ÚF)

1. Fjöldaframleidd fólksbífreið með drif á einum ás.
2. Ótakmarkaðar breytingar á vél.
3. Allir boddýhlutir skulu vera á ökutæki, upprunalegur eldveggur á upprunalegum stað.
4. Innrétting skal vera til staðar nema í bílum með veltibúr eða boga.
5. Skófludekk (eða ausudekk) skylda.

Buggybílar. (B)

1. Buggybílar með drif á 1 ás og fjöðrun á öllum hjólum.
2. Hámarks vélarstærð 3000cc.
3. Engar þyngdartakmarkanir.

Jeppar. (J)

1. Fjöldaframleidd bífreið með drif á tveim ásum öxultengt við vél.
2. Ótakmarkaðar breytingar á vél .
3. Óheimilt er að fjarlægja bretti, vélarhlíf, stuðara, framstykki og ljós
4. Stýri skal vera tengt með vélrænum hætti, tjakstýrir með vökvarótor bannað, hjálpertjappar leyfðir.
5. Hjólbarðar skulu ekki standa útfyrir brettakanta.
6. Hjólbarðar skulu vera viðurkenndir og DOT merktir, auka má mynstur en ekki fjarlægja kubba.

Útbúnir jeppar. (ÚJ)

1. Ökutæki með drif á tveim ásum, öxultengt við vél.
2. Vél skal vera bílvél, ótakmarkaðar breytingar.
3. Óheimilt er að fjarlægja hluti af eða úr ökutækjum í keppni.
4. Skófludekk (eða ausudekk) skylda á a.m.k. einum ás.

Sérsmíðuð Ökutæki. (S)

1. Fjöldaframleidd ökutæki með drif á einum ás.
2. Vél skal vera bílvél, ótakmarkaðar breytingar.
3. Endursmíða má hluta ökutækis úr öðrum efnum en upprunalega.
4. Skyllt er að hafa alla boddýhluti á ökutæki.
5. Skófludekk (eða ausudekk) skylda.



Opinn flokkur. (O)

1. Sérsmíðuð tæki sem ekki komast í aðra flokka.
2. Ótakmarkaðar breytingar leyfðar á vél.
3. Skófludekk (eða ausudekk) skylda.

Reglur og takmarkanir allt flokka.

Bílar.

1. Fólksbílar, Útbúnir fólksbílar, Jeppar, Útbúnir jeppar, Sérsmíðuð ökutæki og Opinn flokkur.
2. Allar breytingar leyfðar.